

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag, frístundabyggðin Veiðilundur í landi Miðfells.*
Nýtt deiliskipulag nær yfir 149 frístundahúsalóðir í Veiðilundi í landi Miðfells. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt aðalhús og eitt aukahús. Aðalhús má vera allt að 100 m² en lágmarksstærð er 30 m². Aukahús má vera allt að 30 m². Hámarkshæð mænis er 5,5 m frá jörðu en 4 m ef þak er slétt.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2017.
2. *Deiliskipulag, frístundabyggðin Stekkjarlundur í landi Miðfells.*
Nýtt deiliskipulag nær yfir 126 frístundahúsalóðir í Stekkjarlundi í landi Miðfells. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt aðalhús og eitt aukahús. Aðalhús má vera allt að 100 m² en lágmarksstærð er 30 m². Aukahús má vera allt að 30 m². Hámarkshæð mænis er 5,5 m frá jörðu.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2017.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2017